

L Ö G

120

30. des

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, og lögum nr. 75 1942, um breyting á þeim lögum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 57 29. des. 1937 skal orða svo:

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — í styrktarsjóð lestrarfélaga, sem er undir stjórn fræðslumálastjóra.

Skemmtanaskatt skal innheimta með 15% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna til kennslukvikmyndasafns, en þriðjungur þess til styrktarsjóðs lestrarfélaga. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

2. gr.

4. gr. sömu laga skal orða svo:

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar í þeim hreppi, þar sem félagið starfar, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárru upphæð og því verði úthlutað sem aðalstyrk úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

3. gr.

Meginmál 3. gr. laga nr. 75 1942 skal orða svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 10 kr. á heimili og 4 kr. fyrir hvern þann félagsmann, sem er umfram tölu heimilanna og árgjald hefur greitt.

Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 75 1942 inn í texta laga nr. 57 1937 og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.